

## Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 7. apríl kl. 09:03, var haldinn 99. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Hofi. Viðstödd voru Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og Aron Leví Beck. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Eyþór Laxdal Arnalds, Katrín Atladóttir, Marta Guðjónsdóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Björn Axelsson, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Jóhanna Guðjónsdóttir. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

### Petta gerðist:

#### (E) Samgöngumál

1. Áhrif hraða á mengun vegna umferðar, Mál nr. US210070  
kynning

Lögð fram skýrsla Háskóla Íslands til Vegagerðarinnar um niðurstöður rannsókna á áhrifum hraða á mengun vegna umferðar, dags. 2021.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata leggja fram svohljóðandi bókun:

Við þökkum skýrslu sem Háskóli Íslands vann fyrir Vegagerðina um áhrif hraða á mengun. Þar kemur enn og aftur fram að nagladekkinn eru langstærsti áhrifavaldurinn við myndun svifryks. Niðurstöður skýrslunnar sýna að með því að draga úr umferðarhraða mætti draga töluvert úr myndun svifryks og minnka um leið slit á götum.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Full ástæða er til að leita leiða til að minnka svifryksmengun í borginni, bæði lágmarkamyndun svifryks, en jafnframt að auka og bæta þrif í borginni. Þungaflutningar og notkun nagladekkja hafa veruleg áhrif á uppruna svifryks. Rétt væri að nota þau úrræði sem borgin hefur yfir að ráða til að hvetja til minni notkunar nagladekkja.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Borgarfulltrúi Miðflokksins fagnar öllum þeim sem nema umhverfis- og auðlindafræði. Það fag er framtíðarundirstaða í þróun mála í heiminum auk umhverfis- og auðlindaréttar. Á fundinum var kynnt skýrsla um: „Áhrif hraða á mengun vegna umferðar. Skýrsla til Vegagerðarinnar 2021.“ Fram kemur að höfundar skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar og að niðurstöður hennar beri ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar. Þess vegna er skrytið að þessi skýrsla er til umfjöllunar í skipulags- og samgönguráði. Þessi gagnrýni beinist ekki að höfundi skýrslunnar. Inni á skipulagssviði er ósvöruð fyrirspurn frá borgarfulltrúa Miðflokksins sem var lögð fram á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 16. desember 2020 sem hljóðar svo: "Hvað hafa göturnar í Reykjavík verið þrifnar/þvegnar oft á árinu 2020 tæmandi talið eftir hverfum?" Hvers vegna er þeirri fyrirspurn ekki svarað. Þess í stað er dregin skýrsla upp úr hattinum. Innihald þessarar skýrslu er einhliða áróður sem felst í því að mengun minnki við lækkunar umferðarhraða. Stóru breytuna vantar. Áhrif lægri umferðarhraða og þar með tafa í umferð sem veldur því að útblástur verður langtum, langtum meiri af þeim völdum. Einnig vantar mengunina sem hlýst af galtómum strætódrekum sem í flestum tilfellum eru díselknúnir inn í skýrsluna.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur að svifryksmengun frá umferð hverfa ekki með aukinni rafbílavæðingu. Í sjálfu sér hefur kannski engin haldið því fram. En bílar sem knúnir eru á vistvænni orku hljóta nú engu að síður að vera framtíðin þótt það komi ekki mikið fram í þessari skýrslu. Varast skal að tala niður raf- vetni- og metanbíla. Sjálfsagt er að horfa hvað mest til nagladekkjanna en ekki síður til þess að malbik sé gott og götur séu hreinsaðar. Nagladekk hafa bjargað mörgum lífum. Lélegt malbik hefur kostað líf. Söltun og skolun hefur mikil áhrif til bóta. Umferðarteppur eru ekki til að hjálpa, bílar aka í hægagangi í langri röð eða eru sífellt að stoppa á ljósum þar sem jafnvel rautt ljós logar löngu eftir að búið er að þvera gangbraut. Stýring umferðarljósa þ.m.t. gangbrautarljósa er þekkt vandamál víða í borginni. Athyglisvert er hversu ökuhraði hefur mikil áhrif á svifryksmyndun ef marka má niðurstöður. Mestu skiptir að í venjulegum húsagötum sé ökuhraði lítill. Annar áhrifavaldur á svifryksmengun eru skítur og óhreinindi gatna. Götur í Reykjavík eru almennt séð taldar illa þrífarnar. Ekki einu orði er minnst á hreinsun gatna í skýrslunni.

Þröstur Þorsteinsson prófessor við Háskóla Íslands tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Mál nr. SN010070  
Reykjavíkur, fundargerð

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 26. mars 2021.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Búið er að gefa út framkvæmdaleyfi fyrir 1. áfanga landfyllingar í Elliðaárvogi. Upplýst var á fundinum að verið væri að uppfylla gamlar samþykktir skipulagsráðs. Í framhaldi af þessum fullyrðingum óskaði borgarfulltrúi Miðflokksins eftir að skipulags- og samgönguráð fengi kynningu sem fyrst á 1., 2. og 3ja áfanga landfyllinga í Elliðaárvogi. Er það afar mikilvægt sér í lagi eftir skýrslu Hafrannsóknarstofnunar dags. 1. mars 2021 um rannsóknir á laxfiskum í ósi Elliðaáa og Leirvogssár sem lögð var fyrir skipulagsfulltrúa og kynnt á fundi embættisins á fundi 19. mars sl. Við því var orðið og er þakkað fyrir það.

3. Borgartún 8-16A, breyting á (01.220.1) Mál nr. SN210199  
deiliskipulagi  
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri  
Höfðatorg ehf., Lynghálsi 4, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Pálmars Kristmundssonar dags. 11. mars 2021 ásamt bréfi dags. 10. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Höfðatorgs, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 8-16A við Borgartún. Einnig lögð fram tillaga PK arkitekta dags 25. mars 2021 að skilmálabreytingu. Í breytingunni felst uppfærsla á skilmálatöflu og aukning á byggingarmagni ofanjarðar á byggingarreit H3.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Lilja Grétarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

4. Jöfursbás 9, breyting á deiliskipulagi (02.220.6) Mál nr. SN210066  
Júlíus Þór Júlíusson, Þrúðsalir 3, 201 Kópavogur  
Hoffell ehf., Þrúðsölum 3, 201 Kópavogur

Lögð fram umsókn Júlíusar Þórs Júlíussonar dags. 25. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Gufuness, áfanga 1, vegna lóðarinnar nr. 9 við Jöfursbás. Í breytingunni felst að svalir megi ganga 160 cm út fyrir byggingarlínu á götuhlið, fallið verði frá kröfu um aukna salarhæð á jarðhæðum, svalagangar að götum mega vera 50% að heildarlengd byggingarreits, leyfilegt verði að fækka bílastæðum með samkomulagi um deilibíla, stærðarviðmiðum íbúa breytt, aðalinngangur verður úr sameiginlegum miðgarði, heimilt verði að hafa opin stigahús ef brunahönnun leyfir og fallið verður frá kröfu um inndregna efstu hæð, samkvæmt uppdr. Teiknistofu arkitekta Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 3. febrúar 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.  
Vísad til borgarráðs.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

5. Vogabyggð svæði 2, breyting á skilmálum (01.45) Mál nr. SN210149  
deiliskipulags  
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn ÞG húss dags. 24. febrúar 2021 ásamt bréfi ÞG íbúða ehf. dags. 17. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar svæði 2. Í breytingunni felst að krafa um gróðurþekjur og berjarunna innan sérafnotareita íbúða að Kuggavogi 2-14, Akravogi 2-15 og Skektuvogi 2 verði felld niður. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021.

Synjað er beiðni um breytingu á deiliskipulagi með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 26. mars 2021 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn synjun.  
Vísad til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Rétt er að leyfa fólki að ráða þeim litlu reitum sem eru til sérafnota. Heimilin hafa samkvæmt skipulagi litla reiti til sérafnota sem þau ættu að hafa án íþyngjandi kvaða borgarinnar.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

6. Þverholt 13, breyting á deiliskipulagi (01.244.1) Mál nr. SN210151  
ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík  
Sérverk ehf., Tónahvarfi 9, 203 Kópavogur

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Einholts-Þverholts vegna lóðarinnar nr. 13 við Þverholt. Í breytingunni felst að heimilt verði að reisa sex hæða íbúðarhús á lóðinni, með að hámarki 38 íbúðum, þar sem 5. og 6. hæð eru inndregnar. Í bílageymslu verða 25 bílastæði, en ekið verður í bílageymslu nyrst á lóðinni. Lóð austan við hús verður í samræmi við lóð á reit E og innan lóðar verður tenging frá lóð að Þverholti ásamt því að tenging milli baklóða reits E og Þverholts 13 verður tekin upp á ný á lóð Þverholts 13, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf. dags. 24. febrúar 2021.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

7. Fiskislóð 11-13, breyting á deiliskipulagi (01.089.1) Mál nr. SN210009  
Guðjón Þórir Sigfússon, Alftarimi 36, 800 Selfoss

Lögð fram umsókn Guðjóns Þóris Sigfússonar dags. 6. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturhafnar (Örfirisey) vegna lóðarinnar nr. 11-13 við Fiskislóð. Í breytingunni felst skipting lóðarinnar í tvær lóðir, samkvæmt uppdr. VGS verkfræðistofu dags. 10. mars 2020. Einnig er lagt fram bréf Faxaflóahafna ohf. dags. 29. júní 2016 til Lýsi hf.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Hildur Gunnarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

8. Eiðsgrandi til móts við Keilugranda, (01.5) Mál nr. SN210217  
framkvæmdaleyfi

Lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda og viðhalds dags. 17. mars 2021 um framkvæmdaleyfi vegna uppsetningu á listaverki við Eiðsgranda til móts við Keilugranda, vestan megin við dælustöð. Einnig er lögð fram greinargerð og tillaga ódags.

Samþykkt.

Ólafur Melsted verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

9. Skúlagata 4, breyting á deiliskipulagi (01.150.3) Mál nr. SN210005  
Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Yrki arkitekta ehf. dags. 5. janúar 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðarinnar nr. 4 við Skúlagötu. Í breytingunni felst að lóðarmörkum Sölvhólsstötu 7-9 er breytt auk þess að koma fyrir byggingarreit flóttaleiða fyrir Skúlagötu 4 á lóð Sölvhólsstötu 7-9, samkvæmt uppdr. Yrki arkitekta ehf. dags. 23. mars 2021. Einnig er lögð fram yfirlýsing Ríkissjóðs Íslands dags. 3. febrúar 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

Birkir Ingibjartsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundarbúnaði.

10. Urðarbrunnur 16, breyting á deiliskipulagi (05.056.2) Mál nr. SN200779  
VG Verk og bygg ehf., Gerðarbrunni 14, 113 Reykjavík

Lögð fram umsókn VG verk og bygg ehf. dags. 15. desember 2020 ásamt bréfi dags. 22. júní 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 16 við Urðarbrunn. Í breytingunni felst að heimilt verði að gera tvíbýlishús í stað einbýlishúss á lóð ásamt því að fjölga bílastæðum úr tveimur stæðum í fjögur stæði. Einnig er lagður fram uppdráttur Belkod ehf. ódags. og

stjórnsýslukæra dags. 13. október 2020. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. mars 2021.

Frestað.

### (B) Byggingarmál

11. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari eru fundargerðir afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1108 frá 23. mars 2021 og nr. 1109 frá 30. mars 2021.

### (C) Ýmis mál

12. Úlfarsbraut 112, málskot (02.698.5) Mál nr. SN210056  
Kanon arkitektar ehf, Laugavegi 26, 101 Reykjavík  
Atli Bragason, Jónsgeisli 81, 113 Reykjavík

Lagt fram málskot Þórðar Steingrímssonar f.h. Atla Bragasonar dags. 21. janúar 2021 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 18. desember 2020 um breytingu á deiliskipulagi Úlfarsárdals vegna lóðarinnar nr. 112 við Úlfarsbraut sem felst í að gera tvær íbúðir á lóð í stað einbýlishús. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. desember 2020.

Frestað.

13. Bergstaðastræti 81, málskot (01.196.4) Mál nr. SN210130  
ALARK arkitektar ehf, Dalvegi 18, 201 Kópavogur

Lagt fram málskot ALARK arkitekta ehf. dags. 12. febrúar 2021 vegna neikvæðrar afgreiðslu skipulagsfulltrúa frá 5. febrúar 2020 um að byggja bílageymslu á austurhluta lóðarinnar nr. 81 við Bergstaðastræti. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 1. febrúar 2021.

Frestað.

14. Blesugróf 30 og 32, kæra 33/2021 (01.885.3) Mál nr. SN210231  
Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 19. mars 2021 ásamt kæru dags. 19. mars 2021 þar sem kærð er breyting á deiliskipulagi fyrir Blesugróf 30 og 32 sem auglýst var í B-deild Stjórnartíðinda 25. febrúar 2021.

15. Álagrandi 2A, kæra 38/2021, umsögn (01.521.6) Mál nr. SN210236  
Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 24. mars 2021 ásamt kæru dags. 24. mars 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúa um endurútfæði byggingarleyfi vegna byggingarstjóraskipta að Álagranda 2A.

16. Naustabryggja 31-33, kæra 39/2021 (04.023.2) Mál nr. SN210247  
Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. mars 2021 ásamt kæru dags. 22. mars 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að hafna kröfu húsfélags Naustabryggju 31-33 um að tryggja aðgengi hreyfihamlaða að húsinu.

17. Kjalarnes, Nesvík, beiðni um undanþágu frá skipulagsreglugerð nr. 90/2013 vegna laugar Umhverfis- og auðlindaráðuneyti, Skuggasundi 1, 101 Reykjavík Mál nr. SN210169

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 18. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á jákvæðri afgreiðslu skipulagsfulltrúa á undanþágu frá ákvæði skipulagsreglugerðar vegna laugar í Nesvík á Kjalarnesi.

18. Sæmundargata 15-19, breyting á (01.631.3) Mál nr. SN210068  
deiliskipulagi Háskóla Íslands,  
Vísindagarða  
Pálmar Kristmundsson, Aðalstræti 25, 470 Þingeyri  
Fasteignafélagið Eyjólfur ehf., Smáratorgi 3, 201 Kópavogur  
PK Arkitektar ehf., Brautarholti 4, 105 Reykjavík

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 18. mars 2021 vegna staðfestingar borgarráðs s.d. á synjun skipulags- og samgönguráðs frá 10. mars 2021 á breytingu á deiliskipulagi Háskóla Íslands, Vísindagarða, vegna lóðarinnar nr. 15-19 við Sæmundargötu.

19. Hólmsheiði 2. áfangi, deiliskipulag athafnasvæðis Mál nr. SN210147

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 18. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði.

20. Austurheiðar, rammaskipulag (04.4) Mál nr. SN170877

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 18. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. að rammaskipulagi fyrir Austurheiðar.

21. Laugavegur 168-176, nýtt deiliskipulag Yrki arkitektar ehf, Mýrargötu 26, 101 Reykjavík Mál nr. SN170017

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á auglýsingu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugaveg 168-176.

22. Arnarnesvegur, skipulagslýsing (04.9) Mál nr. SN210221

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi Arnarnesvegar.

23. Gufunes, samgöngutengingar, skipulagslýsing fyrir nýtt deiliskipulag (02.2) Mál nr. SN210218

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 25. mars 2021 vegna samþykktar borgarráðs s.d. á kynningu á lýsingu að deiliskipulagi fyrir Gufunes.

24. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um Sjómannaskólareitinn Mál nr. US210077

Fram hefur komið í miðlum að leggja átti fram gögn á samráðsfundum varðandi breytingar á Sjómannaskólareitnum en eftir því sem næst er komist hefur það ekki verið gert þrátt fyrir að íbúar hafa sent bréf til borgaryfirvalda og margítrekað að fá þessi gögn. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir upplýsingum um þessi gögn og hvenær eigi að opinbera þau? Ekki er seinna vænna að öll gögn komi upp á borð nú þegar búið er að taka fyrstu skóflustunguna. Í þessu máli hafa verið mikil átök og því afar mikilvægt að gegnsæi ríki í málinu á öllum stigum þess.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

25. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, um merkingar við göngugötur Mál nr. US210078

Nú er heimild í lögum að P merktir bílar aki göngugötur og lögum þarf að fylgja. Enn vantar viðeigandi merkingar, skilti til að merkja þessa lagaheimild. Það hefur orðið til þess að fólk á P merktum bílum hefur orðið fyrir aðkasti. Eftir því sem næst er komist stendur ekki til að merkja göturnar í samræmi við lagaheimildina t.d. með því að setja upp skilti eða aðrar merkingar sem gefa til kynna að eigendur P merktra bíla hafi þessa heimild. Fulltrúi Flokks fólksins spyr: Hvernig ætla skipulagsyfirvöld að tryggja að hreyfihamlað fólk verði ekki fyrir aðkasti aki þeir göngugötu þegar merkingar eru ekki nákvæmari en raun ber vitni?

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

26. Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi tillögu, um rafbíla og bílastæðakort Mál nr. US210079

Nú vill meirihlutinn að íbúar í miðbænum fái aðgang að bílastæðum gegn gjaldi, sem getur verið mishátt, og á sérvöldum svæðum í stað þess að íbúar eigi sérbílastæði. Í Osló þurfa eigendur rafbílar, vetnisbíla og fólk með hreyfihömlun ekki að kaupa kort. Í Drammen þarf að skrá rafbíla en ekkert að borga. Fulltrúi Flokks fólksins leggur til að sama fyrirkomulag verði í Reykjavík og er í Osló og Drammen þegar kemur að raf-, vetni og metan bíla. Þessi tillaga ætti að falla skipulags- og samgönguyfirvöldum vel í geð enda hafa þau tekið nánast flest allt upp eftir yfirvöldum í Osló þegar kemur að skipulags- og samgöngumálum í Reykjavík. Miðbærinn er orðið svæði sem er dýrt að búa á og stefnir í að það verði hverfi fyrir efnameira fólks í framtíðinni. Útgjöld munu sannarlega aukast og dýrt verður einnig að koma sem gestur. Öll viljum við flýta orkuskiptum enda munar um hvern bíl sem ekki mengar. Með því að taka upp þann hátt sem Osló og Drammen hafa gætu fleiri viljað skipta yfir í raf, vetni eða metan bíla sem ekki hafa nú þegar gert það.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er felld en hún gekk út á að fylgt yrði fordæmi sem finna má í Osló og Drammen um að íbúar miðbæjarins sem eru eigendur rafbíla og vetnisbíla og fólk með hreyfihömlun séu ekki tilneydd að kaupa bílastæðakort til að leggja í nálægt eða í göngufjarlægð frá heimili sínu. Lengi vel var talið sjálfsagt að a.m.k. eitt stæði fylgdi húsnæði en undir stjórn þessa meirihluta er nú að verða æ algengara að engin bílastæði fylgi íbúð/húsi. Á óvart kemur að skipulagsyfirvöldum hugnist ekki þessa tillaga fulltrúa Flokks fólksins þar sem að öllu jöfnu hafa þau viljað gera allt eins og gert er í Osló þegar kemur að skipulags- og samgöngumálum í Reykjavík. Miðbærinn er orðið svæði sem verður dýrt að búa á. Ekki allir eigendur fasteigna svæðisins eru ríkt fólk. Útgjöld munu aukast og dýrt verður að koma sem gestur. Öll viljum við flýta orkuskiptum enda munar um hvern bíl sem ekki mengar. Fulltrúi Flokks fólksins telur að skipulagsyfirvöld eigi að endurskoða þessa ákvörðun sína um að fella tillögu Flokks fólksins. Með því að taka upp þennan hátt sem Osló og Drammen hafa, gætu fleiri íbúar miðbæjarins viljað skoða að skipta yfir í raf, vetni eða metan bíla sem ekki hafa nú þegar gert það.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Borgin á að leggja sitt af mörkum til að stuðla enn frekar að grænum orkuskiptum. Ekkert er ókeypis en ný gjaldskrá vegna bílastæða á að taka mið af grænum þáttum eins og orkuskiptum og myndun svifryks.

27. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210081

Lagt er til að samgöngu- og skiplagssviðs/ráð beiti sér fyrir því að gerðar verði tillögur að úrbótum sem fyrst til að tryggja betur umferðaröryggi gangandi vegfarenda við Almgerði sem er gönguleið barna í skóla sem búa við Furugerði, Hlyngerði, Seljugerði og Viðjugerði. Mikill umferðarhraði er við götuna og samkvæmt mælingum lögreglu er brotahlutfall þar hátt. Ekki er forsvaranlegt að hvetja börn til að ganga eða hjóla í skóla ef umferðaröryggi þeirra verður ekki tryggt eins og best verður á kosið.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

28. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210082

Verkið Pálmatré bar sigur úr bítum í samkeppni um útilistaverk í Vogabyggð. Voru úrslit samkeppninnar kynntar í upphafi árs 2019. Hvenær er áætlað að útilistaverkinu verði komið fyrir fullbúnu?

Frestað.

29. Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210083

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 16. desember 2020 lagði ég fram eftirfarandi fyrirspurn: "Hvað hafa göturnar í Reykjavík verið þrífnaðar/þvegnaðar oft á árinu 2020 tæmandi talið eftir hverfum?" Tími til svars er löngu liðinn og óskað er eftir að fyrirspurninni verði svarað á næsta fundi skipulags- og samgönguráðs. Hvers vegna hefur fyrirspurninni ekki verið svarað?

Frestað.

30. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210084

Lagt er til að auka tíðni á þrífum og þvotti á helstu stofn- og tengibrautum í borgarlandinu til að draga úr svifryksmengun. Götur hér eru þvegnaðar mun sjaldnar en viðgekkst áður fyrr. Í þeim löndum sem við berum okkur saman við eru þær þvegnaðar mun oftast en hér í því sambandi má t.d. nefna að víða í Evrópu eru þær þvegnaðar tvisvar í mánuði. Aukin tíðni þrifa gatna gæti orðið mikilvægur liður í að draga úr svifryksmengun.

Frestað.

31. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210085

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði leggja til að nemendum í 8.-10 bekk grunnskóla gefist kostur á að geta valið um lengra vinnutímabil en þrjár vikur í Vinnuskóla Reykjavíkur. Um yrði að ræða allt að sex vikur sem nemendur hefðu kost á að sækja um sem er til samræmis við það sem boðið er upp á í minni sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu s.s. Seltjarnarnesi og Kópavogi. Í ljósi erfiðra aðstæðna sem börn á þessum



aldri hafa staðið frammi fyrir vegna Covid -19 sem komið hefur niður á félagslegri þátttöku þeirra s.s. íþróttæfingum, tómstundastarfi og skertu skólastarfi er enn mikilvægara að þeim bjóðist auknir möguleikar á fjölbreyttum sumarstörfum og lengra vinnutímabili til að njóta starfsnáms, útiveru og efla félagsþroska sinn.

Frestað.

32. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210086

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska eftir því að kynning fari fram á næsta fundi ráðsins á Vinnuskóla Reykjavíkur og fái jafnframt upplýsingar um fjölda þeirra sem sótt hafa um sumarvinnu í skólanum sundurgreindar eftir aldri.

Frestað.

33. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi fyrirspurn, Mál nr. US210087

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skipulags- og samgönguráði óska upplýsinga um hvort samráð hefur verið haft við rekstraraðila og íbúa vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Laugaveg frá Klapparstíg að Frakkastíg. Hefur verið rætt við þessa aðila hvernig verði að þeim staðið, hvenær framkvæmdir eigi sér stað og hversu langur framkvæmdatíminn verður.

Frestað.

34. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, Mál nr. US210088

Lagt er til að við Freyjubrunn/Lofnarbrunn verði komið upp gangbraut en þar er engin göngutenging til staðar við biðstöð Strætó. Mikilvægt er að tryggja umferðaröryggi gangandi og hjólandi vegfarenda og því brýnt að úr þessu verði bætt sem fyrst.

Frestað.

**Fleira gerðist ekki.  
Fundir slitið kl. 11:33**

**Fundargerðin lesin yfir og undirrituð**

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir

Pawel Bartoszek  
Aron Leví Beck  
Katrín Atladóttir

Hjálmar Sveinsson  
Eypór Laxdal Arnalds  
Marta Guðjónsdóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur  
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp  
borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 23. mars kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1108. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Harri Ormarsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Edda Þórsdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

**Þetta gerðist:**

**Nýjar/br. fasteignir**

1. Austurhlíð 10 (12.718.05) 226332 Mál nr. BN058982  

580377-0339 Byggingarsamvinnufélagið Samtök, Síðumúla 29, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til breyta erindi BN055414 þannig að brunamerkingum er breytt, brunastúkum við íbúðir á 1. hæð er breytt, svalahandrið eru fjarlægð og þess í stað settar svalalokanir, stærðum opnanlegra gluggafaga er breytt og litum utanhúss, ásamt því að innra skipulagi er breytt lítillega í fjölbýlishúsum, mhl.01, 02 og 03, og bílakjallara, mhl.04, á lóð nr. 10 við Austurhlíð.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 afritum af eldri aðaltekningum hönnuða.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
2. Álftamýri 79 (12.831.01) 103702 Mál nr. BN058255  

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi heimilisfræðistofu, setja upp lyftu fyrir hjólastóla á gangi og síkka glugga á Álftamýrarskóla á lóð nr. 79 við Álftamýri.  
Meðfylgjandi erindi er afrit uppdráttar nr.405-01 1.01a, samþykktur 24. febrúar 2000, Skýringaruppdráttur hönnuðar nr. 1.03 og aðaluppdrættir nr. 1.01 og 1.02 dags. 16. september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Frestað.  
Vísad til athugasemda.
3. Árvað 5 (47.311.01) 203628 Mál nr. BN059003  

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050398 þannig að eldhús og salur eru stækkuð inn í núverandi aflokað rými leikskóladeildar Norðlingaskóla á lóð nr. 5 við Árvað.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísad til athugasemda eldvarnareftirlits.
4. Ásvallagata 31 (11.622.03) 101261 Mál nr. BN058816  

451001-3290 Ásvallagata 31, húsfélag, Ásvallagötu 31, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að gera svalir á suðurhlíð 1. 2. og 3. hæðar og síkka glugga til að koma fyrir svalahurðum á íbúðarhús á lóð nr. 31 við Ásvallagötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 19. febrúar 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. febrúar 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 22. febrúar 2021.  
Gjald kr. 12.100

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.

Vísað til uppdráttar nr. 1/2 og 2/2 dags. 20. janúar 2021.

5. Ásvallagata 60 (11.390.10) 100743 Mál nr. BN059001  
Þorvarður Jóhannesson, Noregur, Sótt er um leyfi til þess að byggja viðbyggingu, með snyrtingu í kjallara og stækkun við eldhús og nýrri aðkomu á 1. hæð, við norðvestur hlið einbýlishúss á lóð nr. 60 við Ásvallagötu.  
Stækkun: 20.6 ferm., 100.9 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. Baldursgata 24A (11.862.09) 102238 Mál nr. BN059013  
Guðrún Margrét Jóhannesdóttir, Baldursgata 24, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að stærðir hafa verið uppfærðar, kalt þak hefur verið byggt ofan eldra þak bakhúss, mhl.01, og því breytt í íbúðarrými, einnig hefur aðalinngangur verið færður til, stiga í forhúsi og innra skipulagi breytt í íbúðarhúsi, mhl. 02, á lóð nr. 24A við Baldursgötu.  
Stækkun:  
Mhl.01, bakhús: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Mhl.02, íbúðarhús: x.xx ferm., x.xx rúmm.  
Erindi fylgir bréf frá hönnuði dags. 15. mars 2021.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa og til athugasemda.
7. Barmahlíð 34 (17.101.01) 107141 Mál nr. BN058961  
530818-0200 Barmahlíð 34, húsfélag, Barmahlíð 34, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, þ.e. stækkun á svölum íbúðar 0101 mhl. 01 á húsi nr. 34 á lóð við Barmahlíð.  
Stækkun svara er: 1,47 ferm., þ.e. úr 2,93 í 4,4 ferm.  
Erindi fylgir yfirlýsing um samþykki stjórnar húsfélagsins Barmahlíð 34, dags. 8. mars 2021, aðaluppdráttur nr. A101 dags. janúar 2006 með dags. breytinga þann 8. mars 2021. Tilvísun í fyrra erindi BN033211.  
Gjald kr.12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi.
8. Bergþórugata 18 (11.920.20) 102526 Mál nr. BN058971  
430304-3640 Landslagnir ehf., Hyrjarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýlishús með þremur íbúðum úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 18 við Bergþórugötu.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Örug, verkfræðistofa dags. 12. janúar 2021.  
Stærð, A-rými: 240,2 ferm., 731,9 rúmm.  
Stærð B-rými: 7,1 ferm.  
Samtals: 247,3 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Erindi er til umfjöllunar hjá skipulagsfulltrúa.  
Lagfæra skráningu.

9. Borgartún 6 (12.200.02) 102778 Mál nr. BN058905
- 570206-0440 Rúgbrauð ehf, Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innréttar fjórar íbúðir á fjórðu hæð og í turni fimmtu hæðar með þaksvölum til austurs og kvistum á vesturþekju, svalir stækkaðar á suðurhlíð auk þess sem gert er ráð fyrir útivistasvæði og reiðhjólástæðum, á lóð nr. 6 við Borgartún.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. nóvember 2020.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda ódagsett.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa vegna svala og til athugasemda eldvarnareftirlits.
10. Borgartún 18 (12.210.01) 102796 Mál nr. BN058892
- 440608-0510 VIRK-Starfsendurhæfingarsj ses., Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058428, þannig að innra skipulagi er breytt í húsi á lóð nr. 18 við Borgartún.  
Erindi fylgir yfirlit breytinga á A3 dags. 22. febrúar 2021, aðaluppdrættir nr. (99)1.00, (99)1.01, (99)1.02 dags. 27. október 2020 útg. B dags. 4. mars 2021, (99)1.03, (99)1.04 dags. 27. október 2020 útg. A dags. 22. október 2020, greinargerð brunahönnuðar frá Örugger verkfræðistofa dags. 4. mars 2021 og yfirlit lagfæringa dags. 4. mars 2021.  
Gjald kr.12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
11. Borgartún 28 (12.301.01) 102912 Mál nr. BN059009
- 690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050166 þannig að svalahurðir á efstu hæð eru mjókkaðar á fjölbýlishúsi á lóð nr. 28 við Borgartún.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins. Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
12. Breiðagerði 35 (18.142.15) 107951 Mál nr. BN058223
- Flóvent Sigurðsson, Breiðagerði 35, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að byggja við og framlengja þak til að mynda skjól yfir útitröppur og steiptan pall framan við inngang íbúðarhúss á lóð nr. 35 við Breiðagerði.  
Stækkun: 28.6 ferm. og 90.1 rúmm.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 26. febrúar 2021, bréf frá hönnuði dags. 22. september 2020 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 18. júní 2020.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.

Vísað til uppdráttar nr. (99) 1.01 dags. 22. febrúar 2020.

13. Brúnavegur 13 (13.510.01) 104174 Mál nr. BN059018  
570269-2679 Sjómannadagsráð, Laugarási Hrafnistu, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055526 vegna lokaúttektar þar sem brunamerkingar eru uppfærðar á 2. hæð A-álmu Hrafnistu á lóð nr. 13 við Brúnaveg.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
14. Búland 1-31 2-40 (18.503.01) 108758 Mál nr. BN058684  
Haukur Guðjónsson, Búland 9, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að færa sorp frá húsi að garðvegg og stækka sem því nemur vinnuherbergi og gera á það glugga og stækka glugga á sjónvarpsherbergi í kjallara raðhúss nr. 9, mhl.05, á lóð nr. 1-31, 2-40 við Búland.  
Stækkun: 2.8 ferm., 5.0 rúmm.  
Erindi fylgir ódagsett samþykki meðeigenda raðhúsa nr. 11-19. og uppfært samþykki meðeigenda dags. 6. mars. 2021, yfirlit breytinga á A3 afriti af samþykktum teikningum, mæliblað 1.850.3 síðast breytt 3. desember 1966 og ljósmyndir af raðhúsi nr.9.  
Gjald kr. 12.00  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
15. Dragháls 14-16 (43.045.04) 111026 Mál nr. BN058900  
440110-0100 Djúpidalur ehf., Stórakri 6, 210 Garðabær  
Sótt er um leyfi til að sameina rými í mhl. 01 þ.e. rými 0101 og 0102 og breyta útliti norður- og austurhliða á húsi nr. 13 á lóð nr. 13-15 við Fossháls.  
Meðfylgjandi eru teikningar hönnuðar nr. 10-01, 10-02 og 10-03, dags. 22. febrúar 2021, yfirlit breytinga og greinargerð brunahönnuðar dags. 9. mars 2021, tölvupóstur brunahönnuðar v.öryggi annarra hluta húsnæðisins dags. 15. mars 2021 og samþykki meðeigenda.  
Gjald kr.12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
16. Drekvogur 18 (14.150.01) 105146 Mál nr. BN058999  
Guðmundur Þór Guðmundsson, Drekvogur 18, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja gróðurhús við suðurhlið bílskúrs, breytingar á innra skipulagi kjallara og gerð er grein fyrir áður gerðri 21,9 ferm. viðbyggingu við vesturhlið bílskúrs á húsi nr. 18 á lóð nr. 18 við Drekvog.  
Stækkun er: 40,0 ferm., VANTAR rúmm.  
Erindi fylgir samþykki nágretta, eigenda húss nr. 20 við Drekvog dags. 27. febrúar 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2017, yfirlit breytinga, aðaluppdráttur nr. 1.1-01 útg.A dags. 27. mars 2021.  
Gjald kr.12.100  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa í grenndarkynningu.

Vísað til uppdráttar nr. 1.1-01A dags. 27. febrúar 2021.

17. Dunhagi 18-20 (15.451.13) 106483 Mál nr. BN059016
- 510209-0440 D18 ehf., Borgartúni 24, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að rífa mhl. 02 sem eru fjórir bílskúrar með fastanr. 202-8181 á lóð nr. 18-20 við Dunhaga.  
Niðurrif mhl. 02 er: 102,2 ferm., 324,0 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Umsækjandi skal uppfylla gr. 15.2.2 áður en niðurrif hefst.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
18. Efstasund 67 (14.101.12) 104995 Mál nr. BN058832
- Ragnar Björnsson, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sylvía Svavarsdóttir, Efstasund 67, 104 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að hækka og endurinnrétta rishæð, skipta lóð í tvo sérafnotafletti, framlóð tilheyri eign 0101 og baklóð eign 0001 og eru bílstæði aðskilin frá hverju öðru og er bílastæði 0001 flutt í suð-austur horn lóðar auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum skúr í norðvestur horni lóðar nr. 67 við Efstasund.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 4. febrúar 2021 og samþykki eigenda á Efstasundi nr. 65, 68, 69 og Skipasunds nr. 60 dags. 4. febrúar 2021.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 12. mars 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. mars 2021 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 15. mars 2021.  
Hækkun rís: 56,5 ferm., 133,6 rúmm.  
Skúr stærð er : 24,4 ferm., 64,8 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
19. Fálkagata 18 (15.530.09) 106523 Mál nr. BN058030
- 660116-0360 Berg 13 slf., Smiðjuvegi 11, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að breyta gluggum á 1. hæð, einnig er stigi milli kjallara og fyrstu hæðar fjarlægður og aðkomu að kjallara breytt þannig að inngangur verður frá norðurhlið húss á lóð nr. 18 við Fálkagötu.  
Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 27. júlí 2020 og yfirlit yfir breytingar.  
Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. september 2020, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 4. september 2020 og bréf skipulagsfulltrúa dags. 8. september 2020.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. Fiskislóð 18 (11.150.02) 177043 Mál nr. BN058810
- 430715-0970 Línberg ehf., Tjarnargötu 28, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum innanhúss á 1. og 2. hæð þar sem innra skipulagi hefur verið breytt og komið fyrir frysti og kæliklefa á jarðhæð húss á lóð nr. 18 við Fiskislóð.  
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 15. mars 2021.  
Gjald kr. 12.100

Frestað.  
Vísað til athugasemda.

21. Fiskislóð 71-73 (10.871.02) 100007 Mál nr. BN058934  
540116-0910 Fasti eignarhaldsfélag ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka millipall, breyta gluggum og útihurðum og innréttu trésmiðaverkstæði á 1. hæð og skrifstofur á 2. hæð, í iðnaðarhúsi á lóð nr. 71-73 við Fiskislóð.  
Stækkun: 198,2 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Lagfæra skráningu.
22. Fossaleytnir 17 (24.680.01) 175711 Mál nr. BN058931  
690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN027629, BN032436, BN047555 og BN057348 vegna lokaúttektar, þannig að brunavörnum er breytt í húsi Stuðla á lóð nr. 17 við Fossaleytni.  
Erindi fylgir skýrsla verkfræðistofunnar Örugg dags. 24. febrúar 2020, yfirlit breytinga - fylgiskjal 00-01-34015 dags. 2. mars 2021 og afrit af teikningu samþykkttri þann 17. mars 2020.  
Gjald kr. 12.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
23. Grandagarður 15-37 (11.150.01) 100045 Mál nr. BN058430  
450213-1520 Corvino ehf., Grandagarði 23, 101 Reykjavík  
Íris Ann Sigurðardóttir, Vesturgata 54A, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innréttu undirbúningseldhús í rými 0103 í veitingastað í flokki II í húsi nr. 25, mhl. 06, á lóð nr. 15-37 við Grandagarð.  
Jafnframt er erindi BN058362 dregið til baka.  
Gjald kr. 11.200  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.  
Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
24. Grettisgata 22C (11.821.19) 101835 Mál nr. BN058939  
Benjamin James Frost, Grettisgata 22B, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð sem felast í að fjarlægja stiga á milli hæða, kjallara er skipt upp í tvö rými sem verða vinnustofur í eigu íbúðar og komið er fyrir glugga á norðurhlið og í þaki auk þess sem pallur fyrir utan stækkaður, á húsi á lóð nr. 22C við Grettisgötu.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
25. Hamarshöfði 8-10 (40.615.05) 110626 Mál nr. BN058813  
450704-3180 Friðbjörn ehf, Akralandi 3, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að skipta upp rými 0101 í tvö fastanúmer 0101 og 0102 og einnig fyrir áður gerðum breytingum sem eru gerð millipalla, 0103 og 0104, í húsi nr. 10 á lóð nr. 8-10 við Hamarshöfða.  
Stækkun millipalls: 61 ferm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.

26. Hestháls 12 (43.232.02) 176987 Mál nr.  
BN058923  
641017-2800 Sjávargrund ehf., Ægisíðu 78, 107 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu úr stálgrind og klæða að utan með steinullarfylltum samlokueiningum, á lóð nr. 12 við Hestháls.  
Erindi fylgir greinagerð brunahönnuðar dags. 15. febrúar 2021.  
Stækkun: 677,4 ferm., 5.166,3 rúmm.  
Gjald kr. 12.100  
Frestað.  
Vísað til athugasemda.
27. Hólaland (00.044.003) 125716 Mál nr.  
BN059032  
